

Leikskólinn Álfatún



**Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2025 – 2026**

Efnisyfirlit

1. Formáli.....	3
2. Inngangur	3
3. Skólastarfið/Leiðarljós.....	3
4. Mat á skólastarfi.....	10
Innra mat leikskólans.....	10
Ytra mat.....	13
5. Umbótaáætlun	14
6. Áherslur í starfi leikskólans.....	14
7. Þróunar- og nýbreytnistarf.....	15
8. Foreldrasamstarf	15
Foreldraráð.....	15
Foreldrafélag	15
10. Símenntunaráætlun	16
Skipulagsdagar.....	16
11. Aðrar upplýsingar	17
12. Húsnæði og lóð.....	18
Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026.....	18
13. Öryggismál.....	18
14. Lokaorð.....	19
15. Fylgigögn	19
Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun.....	20
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun	22
Fylgiskjal 3 - Skóladagatal 2025-2026.....	25
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs	26

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Síðustu tvö ár höfum við unnið með Barnasáttmálann og réttindi barna í samstarfi við Unicef. Verkefnið hefur gengið vel og við höfum stöðugt verið að bæta við okkur. Stefnt er að því að leikskólinn verði réttindaskóli vorið 2026.

Síðasta skólaár lögðum við sérstaklega áherslu á leik barna og hlutverk kennarans í leiknum og gekk sú vinna mjög vel. Einnig var mikið unnið með vísindaverkefni á efstu hæðinni.

Næsta vetur ætlum við að leggja sérstaka áherslu á málörvun og læsi. Við höfum átt fundi með talmeinafræðingum Kópavogs sem ætla að styðja okkur og veita aðstoð við þá vinnu. Auk þess fórum við í samstarf við Menntasvið varðandi aðkomu sálfræðings og mun sálfræðingurinn koma tvisvar í mánuði og vera okkur til stuðnings í starfinu.

Vinna við námskrá leikskólans er á lokametrinum og stefnt er að útgáfu hennar skólaárið 2025-2026. Áfram verður unnið með innleiðingu á matsteyminu en það ferli hefur gengið hægt. Að lokum verður unnið á skólaárinu við að búa til málstefnu fyrir leikskólann og nýta okkur betur hæfniramma fyrir börn með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn.

3. Skólastarfið/Leiðarljós

Álfatún stendur fyrir umhyggju, traust og jákvæðni og s.l. vetur ákváðum við að þetta yrðu okkar opinberu einkunnarorð en við höfum hingað til ekki haft slík. Okkar stöðir byggja á **útiveru**, þar sem við njótum þess að fylgjast með breytingum á náttúrunni, fara út fyrir garðinn, leika okkur í náttúrulegu umhverfi og lenda í ævintýrum. Þar eflist félagsþroski, samvinna og ábyrgð. **Málörvun**, þar sem við leikum okkur með tungumálið okkar, lesum og syngjum. Einnig vinnu með **skapandi efnivið þar sem við uppgötum** og gerum tilraunir. Virkjum ímyndunaraflíð. Einnig er lögð áhersla á leikinn, skapandi hugsun, umhyggju og gleði. Leikurinn er verkfæri þar sem hægt er að nálgast markmið aðalnámskrár á margvíslegan máta.

Leikskólastarf byggir á **sex grunnþáttum** sem fléttað er inn í námsþætti leikskólans: Læsi og samskipti, heilbrigði og velferð, sköpun, sjálfbærni, lýðræði og jafnréttindi.

Læsi og samskipti: Læsi felst m.a. í að lesa í umhverfi, aðstæður, tilfinningar og ýmis konar ták. Samskiptin fela í sér m.a. að tjá sig og taka þátt í samræðum. Ýtt verður undir læsi í gegnum myndmál, sjónrænt skipulag og með því að setja orð á athafnir og hvetja til rannsókna. Í gegnum samskipti eru börn hvött til að tjá sig um tilfinningar, hugmyndir og skoðanir sínar.

Markmið:

Að við lok skólagöngu hafi börnin öðlast þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.

Leiðir:

- Að sjónrænt dagsskipulag sé sýnilegt á öllum deildum.
- Að daglega séu samverustundir þar sem er lögð áhersla á málörvun miðað við þarfir hvers og eins.
- Að leikefni sé merkt með myndum og texta.
- Að ritmál og myndmál sé sýnilegt í umhverfinu.
- Að öll börn séu hvött til að tjá hugsanir sínar, hugmyndir og líðan með orðum, myndum, tónlist eða hreyfingu.
- Að nýta gönguferðir til að kynna nánasta umhverfi skólans.

1-3 ára börn. Lind, Björk og Hlíð.**Endurmat síðasta skólaár 2024-2025**

Málörvun fór fram alla daga í gegnum daglegt starf, leiki, spil, hlustun á sögur, söng, dans og fleira. TMT (tákn með tali) var notað í samveru, söng-, sögustundum og matartímum. Haldið var áfram að vinna markvisst með Lubba og málbeinið sem er málörvunarverkefni sem ýtir undir að börn tileinki sér hljóð íslenskunnar. Unnið var með tvö hljóð í einu í tvær vikur í senn í gegnum söng, hreyfingu og sýnileika í umhverfinu.

Mikið var unnið með vináttu og samvinnu og samhjálp á öllum þremur deildum. Lubbi fór heim með börnunum á Hlíð, þar sem foreldrar skrifuðu í bók, hvað var gert með þeim heima yfir helgi og síðan var það lesið upp í samverustund. Lögð var áhersla á orðaforða, hugtakaskilning og tjáningu með lestri bóka og söngva og voru markvissar sögustundir gjarnan fleiri en ein yfir daginn og einnig var bætt í lestur fyrir smærri hópa. Bætt var í merkingar á leikefni, sjónrænar merkingar á veggjum og sjónrænt dagsskipulag sett upp á öllum deildum. Skipulagðar gönguferðir í nánasta umhverfi skólans voru ekki eins margar og undanfarin ár. Spilastundir voru fleiri á Lindinni þar sem þar eru bæði eldri börn og einnig sofa þau skemur.

Áherslur skólaárið 2025-2026

Halda áfram að vinna með umhverfið, sjónrænt skipulag og merkingar. Þar sem við finnum hvað það skilar sér í málörvun og einnig fyrir börnin að skilja og skynja skipulag. Á máltökuskeiði hjálpar það börnunum að tjá sig um hvað þau vilja, sjá hvaða leikefni er til staðar og átta sig á hvað er næst í dagsskipulaginu. Við munum halda áfram að auka við myndmál á veggjum sem tengist því sem er að gerast hverju sinni. Bæði því sem við erum að gera og einnig myndir af m.a. náttúrunni og því sem er að gerast í árstíðabreytingum.

Ný áætlun um læsi var gefin út haustið 2025 og verður unnið með þá þætti sem kom þar fram. Það er að auka málörvun og skapa umhverfi sem er máleflandi. Skapa umhverfi til jákvæðrar lestrarmenningar sem getur aukið lesskilning. Hlustun og áhorf sem stuðlar að því að efla hlustun og taka tillit til skoðana annarra í umræðu og rökræðum. Auka sýnileika ritunar og hafa texta og myndir sýnilegar og að lokum að efla stafræna borgaravitund og kenna samfélagslega og ábyrga notkun tækninnar.

3-6 ára börn. Ból og Lækur

Endurmat síðasta skólaár 2024-2025

Málörvun fór fram alla daga í öllum aðstæðum. Ritmál var gert sýnilegt með bókum og merkingum á hlutum og umhverfi. Pappír og ritföng voru sýnileg og í góðu aðgengi. Lögð var áhersla á að auka orðaforða og tjáningu með lestri bóka, söng, sögu- og leikritaspuna. Börnin voru hvött til að tjá sig um það sem er í umhverfinu inni og úti og það notað í skapandi starfi. Unnið var með ýmis þemu eins líkamann og líffæri, hver er ég og hvernig er fjölskyldan mín, ólíkar fjölskyldur, sólkerfið, vísindatilraunir og Barnasáttmálann. Fórum í ýmsar vettvangsferðir m.a. bókasafnið, Árbæjarsafnið og fjöruferðir.

Lubbi og málbeinið var nýtt til að vinna með málhljóðin og svo voru skipulagðar spilastundir. Síðustu ár höfum við verið að vinna að þróunarverkefni í snemmtækri íhlutun varðandi mál og læsi. Það felst meðal annars í því að skoða spilafn og önnur gögn sem tengjast málörvun, greina hvaða þætti í málþroskanum þau styðja við og það nýtist okkur vel þegar velja skal spil fyrir einstaka barn. Snær og Lubbi (bangsar) fóru heim með börnunum og foreldrar skrifuðu í bók hvað var gert með þeim og var það svo lesið upp í samverustund.

Ból og Lækur eru með póstkassa og börnin geta skrifað bréf með hjálp foreldra og sett í kassann og bréfið er svo lesið í samverustund. Hugsunin er að barnið fái rödd sem eflir sjálfsmynd þeirra og sjálfstraust og við náum tengingu á milli skóla og heimilis.

Mikið var rætt um vináttu og ólíkar tilfinningar, hvað þær segja okkur og hvernig þær birtast. Lærðum að setja mörk og virða mörk annarra. Unnið var með réttindi barna og sjálfstraust og tjáningu. Meira var um samvinnuverkefni, en okkur langar að gera enn betur.

Áherslur skólaárið 2025 – 2026

Næsta starfsár munum við halda áfram að vinna með þessa þætti sem koma fram hér að ofan. Auk þess munum við leggja enn meiri áherslu á rím, vísur og leika með hljóðin, hljóðamyndun og hljóðkerfisvitund.

Halda áfram með vísindastarf og nýta náttúruna í fleiri verkefni. Gera fleiri samvinnuverkefni milli deilda.

Heilbrigði og vellíðan: Í leikskólanum læra börn um og tileinka sér heilbrigða lífshætti. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf. Lögð er áhersla á líkamlega umhirðu og sjálfshjálp, umhyggju og félagsleg tengsl. Einnig útivist, tengingu við náttúruna og hreyfingu.

Lykilatriði í heilbrigði og vellíðan er mataræði, hreyfing og hvíld en einnig að finna fyrir öryggi. Við tökum vel á móti öllum börnum, sýnum þeim umhyggju og byggjum upp traust.

Markmið: Að daglegar athafnir í leikskólanum stuðli að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu.

Leiðir:

- Öll börn fari út a.m.k. einu sinni á dag.
- Boðið sé upp á góðan og næringarríkan mat.
- Öll börn fái hvíld daglega.
- Umhyggja sé leiðarljós í öllu starfi.
- Öll börn séu hvött til sjálfshjálpar.

1-3 ára börn: Lind, Björk og Hlíð.

Endurmat síðasta skólaár 2024-2025

Alla daga var farið út og gjarnan tvisvar á dag. Salurinn var nýttur einu sinni til tvisvar í viku í hreyfistundir, þar voru til dæmis settar upp þrautabrautir og farið í leiki og dansað. Börnin voru hvött til sjálfshjálpar og hlúð að félagslegum tengslum. Á Lind og Hlíð tóku börnin miklum framförum í sjálfshjálpar á skólaárinu þar sem markvisst var unnið með að þau skömmtuðu sér sjálf á diska, byrjuðu að reyna að nota hnífapör og klæddu sig sjálf. Á Björkinni eru yngri börn sem eru einnig dugleg að prófa sig áfram.

Áherslur skólaárið 2025 – 2026

Höldum áfram að efla sjálfshjálpar barnanna í öllum aðstæðum. Stefnt er áfram að því að nýta salinn í hreyfistundir og byrja fyrr á skólaárinu með skipulagðar hreyfistundir fyrir eldri börnin með hjálp hugmyndabanka í sal um leiki sem hentar þeim aldri.

3 – 6 ára börn: Ból og Lækur.

Endurmat síðasta skólaár 2024-2025

Útivist var alla daga, ýmist í garðinum eða gönguferðum í nágrenni skólans. Við fórum mikið í Ævintýraskógin en þar eru kjörin tækifæri til að leika í náttúrunni, kanna mörk á eigin getu, rannsaka lífríkið, efla ímyndunarleik og styrkja félagsleg tengsl. Deildirnar völdu sér tré til að fylgjast með frá hausti til vors. Börnin voru hvött til sjálfshjálpar, samvinnu og unnið með tilfinningalæsi. Ból vann með jógga og slökun, minna á Læk.

Lítið náðist að vera með samstarfsverkefni milli skólanna í nágrenninu en okkur langar að prófa aftur næsta vetur.

Áherslur skólaárið 2025 – 2026

Haldið verður áfram að vinna með þessa þætti og stefnt að lengri ferðum sem auka þrek og styrk. Halda áfram að draga inn slökunarleiki, jógga og hugleiðslu og vinna með líkamsvitund.

Samstarfsverkefni á milli leikskólanna í dalnum okkar, Grænatúns og Furugrundar með elstu börnum skólanna fór fram í sumarið 2024 og langar okkur að halda áfram að þróa það ásamt þeim. Þar sem skólarnir geta hist öðru hvoru yfir veturinn í dalnum.

Sköpun og menning: Sköpun og skapandi hugsun er lykill að námi og þróun. Sköpun felst m.a. í að uppgötva og skynja, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Menning er hluti af daglegu lífi okkar. Könnun og rannsókn er lögð til grundvallar í starfinu og hvatt til þess að ímyndunaraflið fái notið sín. Virðing, traust og jafnrétti eru þættir sem við viljum að einkenni menningu leikskólans.

Markmið: að umhverfi skólans örvi skynjun og styðji við sköpunarkraft barna.

Leiðir:

- Að nýta efnivið úr náttúrunni.
- Að leikefni bjóði upp á skapandi hugsun.
- Að hvetja börn til gagnrýnnar hugsunar.

1-3 ára börn: Björk, Lind og Hlíð

Endurmat síðasta skólaár 2024-2025

Þemu ársins tengdust lífríkinu og skynjun. Í hópastarfi, daglegu lífi og samverustundum voru börnin hvött til að rannsaka og kanna ólíkan efnivið út frá skynjun. Mikið var unnið með náttúruna og efnivið þaðan eins og snjó, sand, greinar, steina, laufblöð og ýmislegt annað sem býður upp á vangaveltur um áferð, þyngd, lykt og hljóð. Vorum mikið með svokallaðan opinn efnivið sem bíður upp á óendanlega möguleika í leik.

Áherslur skólaárið 2025 – 2026

Haldið verður áfram að vinna með efnivið sem bíður upp á skapandi hugsun og rannsókn. Aðgengi aukið að náttúru-efnivið með endurskipulagningu á listaskála og blöð og skriffæri gerð aðgengilegri.

3-6 ára börn. Ból og Lækur.

Endurmat síðasta skólaár 2024-2025

Í skapandi starfi lögðum við áherslu á að virkja forvitni, athafnaþrá og frumkvæði barnsins. Ýmis efniviður var notaður til listsköpunar og uppgötvunar. Ýtt undir uppgötvun, gagnrýna hugsun, forvitni og áhuga. Virkjuðum ímyndunaraflið og lékum okkur með möguleika til að skapa og njóta. Við fylgjumst með lífinu í dalnum, hvernig náttúran breytist og ólíkri birtu og skýjafari.

Við unnum markvisst með tilfinningar, æfðum okkur í að hrósa og nota falleg orð um okkur sjálf. Í fjölmenningsvikunni og í vinavikunni skoðuðum við ólík fjölskyldumynstur og menningu annarra þjóða.

Elstu börnin fengust við ýmis konar krefjandi verkefni sem hæfa aldri þeirra. Markmiðin með þeim eru að efla sjálfsmýnd, hugrekki, sjálfstæði og frumkvæði. Unnið var með læsi, stærðfræði og heimspekilega hugsun barna þar sem er lögð áhersla á tölur, tákni og hringrásir náttúrunnar. Skólaárið byrjaði hjá elstu börnunum eins og undanfarin ár með svokölluðu heimaverkefni, þar sem þau fara með strætó eða gangandi og skoða hvar hver og einn býr og uppgötva í leiðinni bæinn sinn.

Einnig fylgdust þau með samfélagslegum verkefnum eins og gengið gegn einelti, barnasáttmálinn, bónda dagur og konudagur auk annarra skemmtilegra daga sem koma upp á hverju ári. Vettvangsferðir voru einnig margar og skemmtilegar. Þar má nefna ferð í Bókasafn Kópavogs, Þjóðleikhúsið, Hörpu og útskriftarferð í Húsdýragarðinn.

Áherslur skólaárið 2025 – 2026

Haldið verður áfram að örva skapandi og gagnrýna hugsun. Þemu ársins fara eftir áhuga barnanna en einnig höldum við áfram að vinna með samfélagið og það sem tengist menningu okkar.

Við munum einnig halda áfram að vinna að innleiðingu Barnasáttmála Unicef.

Sjálfbærni og vísindi: Sjálfbærni og vísindi felst í að uppgötva eðli og eiginleika ýmissa efna og fyrirbæra, ásamt því að kynnast náttúrunni og bera virðingu fyrir henni. Kanna, rannsaka, skoða, spyrja spurninga, virkja ímyndunaraflað og ýta undir forvitni og vangaveltur. Í gönguferðum um dalinn í alls konar veðurfari uppgötva þau ýmis konar efni og fyrirbæri.

Markmið:

Að umhverfi skólans og efniviður vekir forvitni og áhuga hjá börnunum og hvetji þau til rannsókna.

Leiðir:

- Ýta undir umhverfisvitund og virðingu fyrir náttúrunni með umræðu barna og starfsfólks.
- Sýna bæði fólki og umhverfi tillitsemi.
- Nýta barnasáttmálann til að vekja áhuga/athygli á náttúru og umhverfi
- Gera ýmsar tilraunir með mismunandi efnivið t.d. úr náttúrunni

1 – 3 ára börn: Lind, Hlíð og Björk.

Endurmat síðasta skólaár 2024-2025

Við vorum mikið úti og upplifðum náttúruna í gegnum skynjun, snertingu, lykt, áferð og hljóð. Við könnuðum og rannsökuðum alls konar efnivið með það markmið að vekja hjá börnunum forvitni og áhuga á að gera tilraunir. Notuðum greinar, steina, sand, vatn, klaka, snjó og fleira. Vorum í skammdeginu að vinna með ljós og skugga með myndvarpa, vasaljósum og fleiru.

Áherslur skólaárið 2025 – 2026

Áfram verður unnið með óhefðbundið leikefni í bland við það hefðbundna og verður nánasta umhverfi og náttúra í kringum leikskólann nýtt til þess að rannsaka og kanna og bæta má við náttúrulega leikefnið. Fara meira út fyrir garðinn og stuttar göngur, kanna dalinn.

3-6 ára börn: Ból og Lækur

Endurmat síðasta skólaár 2024-2025

Hver mánuður var nýttur til að til að rannsaka og kanna hvernig lífið breytist, litir, trén og náttúran og við sjálf. Árlega veljum við okkur tré og fylgjumst með því frá vetri til vors. Auk þess er veðráttan stöðugt rannsóknarefni. Í gönguferðum og útivist lögðum við áherslu á að bera virðingu fyrir umhverfi og náttúru og hvernig vistspor þeirra og nærsamfélagsins geta stuðlað að sjálfbærni. Gerðar voru tilraunir með ýmis efni, blöndun og fleira. Unnin voru með elstu börnum stærðfræði- og tölfræði verkefni ásamt því að leggja áherslu á skordýr í sumar.

Áherslur skólaárið 2025 – 2026

Áfram verður lögð áhersla á umhverfismenntun, útivist og náttúruna. Nýta efnivið betur og minnka rusl úr leikskólanum. Einnig viljum við ýta undir samræður meðal barnanna m.a. um umhverfismál.

Lýðræði og jafnrétti:

Ein af forsendum lýðræðis er að bera ábyrgð saman, vera meðvitaður og virkur í að móta og hafa áhrif á samfélag sitt, bæði nær og fjær. Virðing fyrir mannréttindum er svo ein af meginstoðum lýðræðislegs samfélags auk viðurkenningar á manngildum og hæfileikum. Með það í huga teljum við mikilvægt að hlusta á börn í leikskólastarfi og ekki síður að kenna þeim að þroska hæfileika til að sýna samkennd og umburðarlyndi.

Markmið okkar er:

- Að börnin finni fyrir öryggi og séu ánægð og glöð að koma.
- Að börnin læri að leika hvert við annað og geti fundið leikgleði í flestum aðstæðum með ólíkum leikfélögum.
- Að börnin finni að hlustað sé á þau og skoðanir þeirra skipti máli.
- Að börnin finni að þau séu sjálfstæðir einstaklingar.

Leiðir:

- Taka vel á móti börnunum, með virðingu, hlýju og gleði, burtséð frá uppruna, fjölskyldaðstæðum og kyni.
- Með viðmóti, tali og almennri hegðun setjum við fordæmi sem felst í virðingu fyrir misjafnri getu, ólíkum menningarheimum og fjölskylduformum.
- Styðja þau í að leika hvert við annað og finna lausnir ef upp koma vandamál.
- Mæta þeim sem einstaklingum og virða þarfir hvers og eins.
- Gefa þeim jafnan rétt til að tjá sig og hafa áhrif á daglegt starf eins og hægt er.

1 – 3 ára börn: Lind, Hlíð og Björk.

Endurmat síðasta skólaár 2024-2025

Tekið var vel á móti öllum börnum leikskólans og áhersla lögð á umhyggju og traust. Við tengdum okkur við tvær greinar í Barnasáttmálanum: öll börn eru jöfn og að bera virðingu fyrir skoðunum annarra. Einnig vildum við að þau þekktu hugtakið réttindi. Hlúð var að leiknum og því að hjálpa þeim að tala saman um ágreiningsmál.

Áherslur skólaárið 2025 – 2026

Áfram verður unnið með þessa þætti og huga þarf að mikilvægi þess að starfsfólkið sé til staðar í leiknum. Við erum að auka við okkur þekkingu um Barnasáttmálann og hvernig við fléttum hann inn í leikskólastarf.

3-6 ára börn: Ból og Lækur

Endurmat síðasta skólaár 2024-2025

Grænn nóvember var sérstakur Barnasáttmála- og vinamánuður þar sem elstu börnin unnu með Barnasáttmálann í máli og myndum en yngri börn nálgðuðust sáttmálann í gegnum leikinn og samskipti. Verkefnið „Okkar leikskóli“ hélt áfram í vetur þar sem leikskólinn fékk ákveðna upphæð á hvern

nemenda til að nota í eitthvað sem börnin vildu fá í leikskólann. Kallað var eftir hugmyndum hjá tveimur elstu árgöngunum og svo var atkvæðagreiðsla um hugmyndirnar. Fyrir valinu var að fá sullker með ljósi en áður vildu þau fá hjól sem reyndist of dýrt, mikil ánægja er með kerid. Fjölluðum um nokkrar greinar Barnasáttmálans og börnin öðluðust skilning á þeim m.a. að setja mörk og bera virðingu fyrir hvert öðru.

Áherslur skólaárið 2025 – 2026

Áfram verður áhersla á félagsfærni, vináttu og jafnrétti í tengslum við innleiðingu Barnasáttmálans. Markmiðið er raddir barna hafi áhrif á starfið. Við ætlum að setja á stofn Barnaþing og þar ættu þau að fá vettvang og áheyrn fyrir sínar raddir. Auk þess ætlum við að vinna með að auka þekkingu á mannréttindum og lýðræði.

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Álfatúns eru á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Fyrsti þátturinn er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið með markvissum samtölum, skimunum og greiningu ef við á. Mat á stjórnun, vellíðan starfsfólks og viðhorfi foreldra er get með könnunum frá Kópavogsbæ.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni alls starfsfólks. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrirfram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar. Í matsteyminu situr einn starfsmaður af hverri deild en því miður höfum við ekki enn náð að virkja það til fulls.

Matsþættir	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x		x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	x		x
Faglegt samstarf	x		x	x
Leikskólaþróun og símenntun	x	x	x	x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x	x	x	x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x	x	x	x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	x		x	
Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja	x		x	
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		x		x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi		x		x
Viðhorf foreldra	x	x		x
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x	x	x	x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x	x	x
Opinber birting og umræður	x	x	x	x

Innra mat 2024-2025

Sjálfbærni og vísindi 2024-2025

Matið var unnið út frá matslistum frá menntasviði. Allar deildir leggja áherslu á náttúruna, að fylgjast með árstíðabreytingum og leika sér með efnivið þaðan eins og snjó, sand, lauf, greinar o.s.frv. Öll börn uppgötva ýmis vísindaleg fyrirbæri í gegnum leik sinn en eldri börn leika sér með tilraunir með sínum kennurum þar sem skoðaðir eru hlutir eins og til dæmis ljós og skuggar og önnur vísindaleg fyrirbæri í náttúrunni.

Annað sem leikskólinn framkvæmdi í mati

Starfsmannasamtöl voru í maí og júní, helstu niðurstöður voru þær að starfsfólkið vill fara oftar á námskeið tengd starfinu. Starfsánægjan var góð hjá flestum og einhverjir óskuðu eftir að fá breytingu varðandi vinnutíma og vinna með annan aldur (önnur deild). Einhverjir töluðu um að gott væri að bæta upplýsingaflæði í húsinu. Mannekla kom upp í einhverjum viðtölum og að lokum var aðeins talað um leiðbeiningar fyrir nýtt starfsfólk.

Endurmat og sjálfsmat kennara:**UNICEF-verkefnið:****Yngstu börn leikskólans**

Björk: Myndu vilja fá meiri fræðslu um hvað er hægt að gera með litlu börnunum. En það sem gekk vel var að börnin væru meira að velja sér t.d. sæti í matartímum og dót sem þau vilja leika með.

Hlíð: Unnu með réttindi barna í tengslum við val á ýmsu eins og útifötum, hvort þau vilji vera inni eða úti, hvenær þau fara í hópastarf, á klósettið, morgunmat, hvar þau sitja við matarborðið og skammta sér sjálf á disk. Starfsfólki fannst fræðslan og verkefni á skipulagsdögum góð og fræðandi og hún kom af stað góðum umræðum í starfsmannahópnum. Almennt hefur gengið vel og það sem væri gott að bæta við væri að finna betri leiðir til að innleiða og fræða börnin um réttindin sín.

Lind: Unnið var með réttindi barna í tengslum við vináttu í samverustundum og í leik. Í tengslum við verkefnið var unnið með lýðræði, sjálfshjálpi, ákvarðanatöku og almennt sjálfstæði. Starfsfólkið var ánægt með fræðsluna en myndi vilja sjá meira varðandi verkefni tengd við þroska og aldur barnanna. Það sem mátti fara betur var að starfsfólkið væri meira samtaka inni á deild, með að vinna markvissara út frá Barnasáttmálanum, vinna með að minnka stýringu og samræma okkur betur innan deildarinnar með það.

Eldri börn leikskólans

Ból: Unnið var markvisst með vináttu, réttindi barna, sjálfshjálpi og ákvarðanatöku. Starfsfólkið var ánægt með verkefni á skipulagsdögum og fræðslan var skemmtileg og áhugaverð. Myndu vilja hafa meiri tíma til fræðslu og umræðu. Það sem mætti betur fara er að það mætti nýta fleiri verkefni úr verkefnabókinni, koma barnasáttmálanum betur fyrir í samverustundum og leik. Skipuleggja verkefni aðeins betur áður en þau eru unnin og eiga dýpri umræðu við börnin um af hverju erum við að læra um barnasáttmálann?

Lækur: Unnið var markvisst með vináttu, réttindi barna, sjálfshjálpi og ákvarðanatöku. Starfsfólkið var ánægt með fræðslu og verkefni sem voru unnin á skipulagsdögum. Það sem gekk sérstaklega vel var að unnið var markvisst með ákvarðanatöku og auðvelt að tengja við og bæta við starfið. Það sem mætti betur fara er að gera stærri verkefni, passa að öll börn skilji umræðuna og viðfangsefnið.

Lubbi finnur málbein:**Björk – Hlíð – Lind (Yngstu börn leikskólans)**

Gekk vel og allir hlustuðu á lögin, sungu og skoðuð bókstafi. Börnin eru áhugasöm og finnast þessar stundir skemmtilegar. Það sem mætti betur fara er að finna fjölbreyttari leiðir og efni til að nýta í leikskólanum. Fá frekari fræðslu fyrir starfsfólkið væri kostur.

Ból og Lækur (eldri börn leikskólans)

Önnur deildin var sérstaklega dugleg að vinna með lubbastundir í hverri viku, þar sem leikið var eitt málhljóð hverju sinni. Þau lærðu málhljóðin, vakinn var áhugi á stöfunum og nýjum orðum. Annars unnu allir með söng og skoðuðu bókstafi. Það sem mætti betur fara er að vinna meira og markvissara með verkefnið og að dreifa verkefninu á fleiri hendur.

Markviss málörvun:**Björk – Hlíð – Lind (Yngstu börn leikskólans)**

Unnið með málörvun í gegnum leik t.d. í samverustundum, hópastarfi, fataherberginu, matartímum og fleira. Starfsfólk segist hafa kynnt sér efnið sem til er í leikskólanum og talar um að nægt efni sé til en það mætti vera meiri fræðsla um efnið og hvernig er hægt að nýta

það betur. Það sem gekk vel var að hver stund er nýtt í málörvun, tækifæri til að tala við börnin í leik og lestur bóka er mikilvægur þáttur í daglegu starfi deildanna. Það sem mætti gera betur er að nýta allar stundir, skipulagðar stundir í litlum hópum mættu vera fleiri og leggja meiri áherslu á gefðu 10. Það er alltaf hægt að gera betur.

Ból og Lækur (eldri börn leikskólans)

Unnið var með málörvun í skipulögðum stundum yfir vikuna í litlum hópum, hópastarfi, samverustundum, gönguferðum, spilastundum og í gegnum daglegan leik barna. Nægt efni er til sem við erum að nota og það sem hefur gengið vel er að flest börnin eru mjög áhugasöm um þessar stundir sem nefndar eru hér að ofan. Það sem mætti betur fara er að stundum er gott að skipuleggja sig betur, vinna meira með rím og samsett orð og skrá niður hvernig börnunum gengur. Gefa 10 markvissara og að allir kennarar taki þátt.

Mat barna á skólastarfinu

Aðstoðarleikskólastjóri fráfarandi lagði fyrir spurningalista um líðan elstu barnanna í Álfatúni (listi frá UNICEF). Börnin áttu að gefa broskalla um hvernig t.d. þeim líður í leikskólanum, hvort þau megi ráða hvað þau leika, hvernig þeim líður í ákveðnum stöðum eða aðstæðum í leikskólanum. Flestir voru glaðir með leikskólann en einhverjir voru ekki sáttir í ákveðnum aðstæðum. Því miður unnum við ekki nægilega vel úr listanum áður en hún hætti og við hefðum viljað að börnin væru spurð um ákveðna þætti dýpra. Þá sérstaklega ef þau svöruðu að þeim liði ekki vel í útiverunni fá nánari upplýsingar um hvers vegna. Við lærum af þessu og gerum betur næst. Einnig fengu þau að endurmeta viðburði eins og Þorablótið og Fjölmenningsvikuna. Almennt voru niðurstöður góðar og börnin jákvæð varðandi þá viðburði sem við höldum í leikskólanum.

Efi og Hljóm-2 (hvernig er staðið að íhlutun og kynningu á niðurstöðum)

Öll börn á 4. ári fóru í **Efi -2** og var niðurstöður almennt góðar en við vorum með 5 börn sem voru með slaka færni annað hvort í máltjáningu eða málskilningi. Af þessum fimm börnum voru 2 með slaka færni í báðum þáttum. Niðurstöður voru kynntar foreldrum og íhlutun ákveðin ef á þurfti að halda.

Öll börn í elsta árgangi fóru í **Hljóm -2**, helstu niðurstöður voru þær að flestum gekk vel og voru í meðalfærni, eitt barn var í slakri færni. Foreldrum voru kynntar niðurstöður í foreldraviðtölum og íhlutun ákveðin ef þörf var á því.

Skólaárið 2025-2026 verður lögð áhersla á læsi og samskipti í innra mati sem kemur frá Menntasviði.

Ytra mat

Tilgangur ytra mats er að tryggja gæði starfsins í leikskólanum og að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og aðalnámskrár leikskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi, öryggi og vellíðan barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Framkvæmd ytra mats í leikskólanum er í höndum utanaðkomandi aðila, meðal annars með því að skoða fyrirbyggjandi gögn um starfsemi skóla, og með heimsóknum, viðtölum við börn, starfsfólk skóla og foreldra. Ytra mat kemur ekki í stað innra mats af því að forsendur þess að leikskólinn nýti sér niðurstöður ytra mats til umbóta er að hann hafi áttað sig á styrk- og veikleikum sínum í gegnum innra mat.

Samantekt á niðurstöðum kannana og eftirlits koma hér. Umbóta getið í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

- **Skólapúlsinn meðal starfsmanna vor 2025.**
Þar var verið að skoða starfið, álag og áskoranir. Líðan starfsmanna, samstarf, stjórnun á vinnustaðnum, símenntun og ýmsa þætti í tengslum við uppeldi og menntun. Almennt kom skólinn út á pari við landsmeðaltal. Þó má nefna að hér eru færri sem telja sig þurfa að vinna á miklum hraða og hafa mikið að gera. Athyglisvert er að um 50% telja sig þurfa að gera eitthvað öðruvísi en þeir telja rétt sjálfir.
- **Skólapúlsinn meðal foreldra vor 2025.**
Verið var að skoða viðhorf til daglegs leikskólastarfs, námsumhverfis, samskipti við foreldra, upphaf og lok skólagöngu, sérstakan stuðning og sérfræðipjónustu. Niðurstöður voru að okkar mati mjög góðar og ekkert eitt sem við tökum út til að skoða betur.
- **Engin frá heilbrigðiseftirlitinu eða vinnueftirlitinu kom í leikskólann þetta skólaár.**
- **Eldvarnareftirlit:** húsvörðurinn tók það að sér og hann framkvæmir það einu sinni í mánuði. Auk þess fara elstu börn leikskólans í eldvarnareftirlit líka 1 X í mánuði (verkefnið Logi og Glóð frá slökkviliðinu).
- **Öryggiseftirlit lóða** tekið reglulega og þær athugasemdir eru lagfærðar jafnóðum.

Skólaárið 2025-2026 verður framkvæmd vinnustaðgreining ásamt því að lögð verður fyrir foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins.

5. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Álfatúni er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

6. Áherslur í starfi leikskólans

- Erum komin langt í því ferli að verða réttindaskóli UNICEF, eftir er að gera könnun meðal barnanna og að efla Barnaþingið. Stefnt verður að því að taka samtal um Heimsmarkmiðin á skipulagsdegi í haust.
- Læsisstefna skólans verður endurskoðuð á stjórnendafundi í haust með tilliti til nýrra viðmiða.
- Samtal um málstefnu er á byrjunarstigi en stjórnendur munu leggja fram drög á stjórnendafundi í haust.
- Vinna við innleiðingu nýrrar Aðalnámsskrár gengur vel, góð umræða hefur farið fram um leik og hlutverk kennara í leik barna.
- Skólanámsskrá er á lokametrinum, hugsanlega klárast hún þó ekki fyrr en á nýju ári vegna annarra verkefna sem liggja fyrir núna í haust.
- Stefnt er að því að nýta hæfniramma meira fyrir öll börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Fengum fræðslu um hvernig hægt er að nýta hann í starfi í vor. Skerpa þarf vinnulag við það.
- Farsældarlögin voru kynnt öllum í fyrra en það mun verða skerpt á þeim á skipulagsdegi ásamt því að kynna þau nýju starfsfólki.

- Lausnarteymi hittist ekki reglulega en er kallað til eftir þörfum. Í því sitja leikskólastjóri, sérkennslustjóri og fulltrúi frá þeirri deild sem leitar ráðgjafa hverju sinni.

7. Þróunar- og nýbreytnistarf

Næsta skólaár 2025 – 2026 ætlum við að efla málörvun í samstarfi við talmeinafræðinga hjá Kópavogsbæ, hugmyndin er ennþá í þróun en áætlað er að byrja fyrsta skipulagsdaginn með fræðslu um málörvun í framhaldi af því verður verkefnavinna. Áætlað er að taka hluta af skipulagsdögum yfir skólaárið til að vinna áfram að hugmyndavinnu í samstarfi við starfsfólkið t.d. með því að fara í þema vinnu eftir mánuðum þar sem lögð er áhersla á ákveðin þátt hverju sinni. Mikið af efni er til í skólanum og ætlum við að finna leiðir til að vinna markvist með það og kenna öllum að nýta efnið í vinnu með börnunum.

Við munum halda áfram með að þróa innleiðingu á barnasáttmálanum í samstarfi við UNICEF eins og við höfum gert undanfarin 2 ár. Það sem við þurfum að bæta sérstaklega eru barnaþing þar sem raddir barna fá að heyrast og þau fái tækifæri til að hafa áhrif á starf leikskólans.

Áfram verður unnið með hæfniramma fyrir börn með annað móðurmál en íslensku á sínu heimili auk þess verður haldið áfram með að vinna með farsældina.

8. Foreldrasamstarf

Foreldrar/Forsjáaraðilar eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans.

Lögð er áhersla á að skólinn og foreldrar séu í góðu samstarfi og við viljum hvetja foreldra til þátttöku í starfinu. Við erum reglulega með viðburði og uppákomur þar sem foreldrar eru hvattir til að koma og vera með okkur í leikskólastarfinu.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Á heimasíðu leikskólans er hægt að sjá hverjir sitja í foreldraráði.

Stefnt hefur verið að því að hitta foreldraráðið a.m.k. tvisvar yfir veturinn einu sinni á hverri önn, oftast ef þurfa þykir. En síðastliðið starfsár var einungis einn fundur að hausti.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Ný stjórn er kosin að hausti í október á aðalfundi foreldrafélagsins. Nokkrir viðburðir voru á vegum foreldrafélagsins, meðal annars var boðið upp á leiksýninguna Pétur og úlfinn, heitt súkkulaði og piparkökur í garðinum í byrjun desember og jólasveinn kom á jólaballið. Einnig var farið í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og svo er yfirleitt stór sumarhátíð.

9. Starfsfólk

Í leikskólanum Álfatúni er gert ráð fyrir tæpum 12 stöðugildum á fimm deildum. Svo er 100% staða leikskólastjóra, 50% stjórnunarstaða aðstoðarleikskólastjóra, 50% staða sérkennslustjóra og 175%

stöðugildi í eldhúsi. Að auki er ákveðið starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna. Skólaárið 2024-2025 fengum við úthlutað 50% stöðu vegna fjölda barna með annað mál en íslensku.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu fyrir háskólamenntaða starfsmenn í leikskóla eða starfsmenn í leikskóla nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna. Hluta af vetrinum og fram á vor vorum við með einn starfsmann með skerta starfsgetu í 30% starfi í gegnum Vinnumálastofnun. Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglinga til starfa í leikskólum Kópavogs og höfum við síðustu ár verið heppin með krakkana sem hafa komið til okkar. Í sumar fengum við í annað sinn tvo til þrjá nemendur frá Höfuðborginni í hverri viku þar sem eru nemendur með skerta starfsgetu og var það skemmtileg og frjó viðbót við starfsmannafloórana.

Leikskólaárið 2025-2026 munu starfa í Álfatúni 8 kennarar, 1 með uppeldismenntun, einn nemi á öðru ári í leikskólakennarafræðum og annar í framhaldsskólakennaranámi, einn með B.s í sálfræði, tveir með háskólamenntun í tungumálum og leiðbeinendur með stúdentspróf og grunnskólapróf. Einn kennari fór á eftirlaun. Við erum búnar að ráða tvo kennara inn síðan síðasta haust. Einn leiðbeinandi byrjaði í leikskólakennarafræðum haustið 2025.

10. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast í skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á skipulagsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann. Síðan hefur Kópavogsbær boðið upp á námskeið í samstarfi við kragann.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórdi hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn til leikskólanefndar ef um námsferð erlendis er ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins.

Síðast skólaár 2024-2025:

1. *Föstudaginn 20. september 2024 – þá var farið yfir áætlanir eins og áfalla- eineltis-, leikskóla-, lestrar- samskipta-, og umhverfisstefnu og fleira á starfsmannafundi. Elín Guðrún frá menntasviði kom og fræddi okkur um hæfniramma og málörvun. Deildarfundir þar sem unnið var m.a. að því að skipuleggja vetrarstarfið og farið í hugmyndavinnu hvernig við vinnum með Unicef-verkefnið og barnasáttmálann. Í lok dagsins var hópefli.*
2. *Miðvikudaginn 13.nóvember – Starfsmannafundur þar sem var m.a. farið yfir umbótaáætlun í starfsáætluninni fyrir skólaárið 2024-2025. Hlustað á tvo fyrirlestra af fjórum um leikinn (Guðrún Alda Harðardóttir). Leikskólastjóri og sérkennslustjóri útbjuggu verkefni og spurningarlista út frá fyrirlestrinum og unnið var á hverri deild. Almennir deildarfundir þar sem unnið var m.a. í UNICEF verkefnið og fleira.*

3. *Fimmtudagurinn 2. janúar – Skyndihjálparnámskeið 1/2 dagur, starfsmannafundur, deildarfundir, byrjuðum á að vinna að endurmati á sjálfbærni og vísindastarfi leikskólans fyrir skólaárið 2024-2025. Seinni tveir fyrirlestrarnir um leikinn frá Guðrúnu Öldu og síðan var unnið með hugmyndir varðandi leikinn.*
4. *Þriðjudaginn 12.mars – Starfsmannafundur, verkefnavinna í UNICEF-verkefninu og barnasáttmálann, deildarfundir og unnið að endurskoðum á skólanámskrá leikskólans.*
5. *Föstudaginn 16. maí – Starfsmannafundur, deildarfundir þar sem var farið í að skipuleggja sumarstarfið, klára endurmat þeir sem áttu eftir að klára sitt, UNICEF-verkefnið og barnasáttmálann, tiltekt ef tími var til á deildum og sameiginlegum rýmum. Fyrirlestur um það hvernig við sköpum liðsheild frá Kvan og samantekt í lokinn.*

Skipulagsdagar skólaárið 2025-2026 eru:

1. *Föstudaginn 26. September 2025 = fræðsla um málörvun leikskólabarna – farið yfir þetta árlega þar sem allar áætlanir eru kynntar fyrir starfsfólki og vetrastarfið skipulagt.*
2. *Miðvikudaginn 12. nóvember 2025 = Starfsáætlun og umbótaáætlun yfirfarinn, halda áfram með UNICEF-verkefnið og ræða framgang á því ásamt átaki í málörvun, fyrirlestur um læsi, fyrstu tveir frá Guðrúnu Öldu og unnið með verkefni út frá þeim. Deildarfundir – byrja á vinnu með heimsmarkmiðin og farsæld barna.*
3. *Föstudaginn 16. janúar 2026 = Tveir seinni fyrirlestrarnir frá Guðrúnu Öldu um læsi og verkefni tengd því, farið yfir framgang í UNICEF-verkefninu og byrjað vinnu á læsisstefnu og málstefnu.*
4. *Þriðjudaginn 10.mars 2026 = Byrja á endurmati á starfinu – Farið yfir framgang í UNICEF-verkefninu og málörvunarverkefninu. Ný skólanámskrá klára ef eitthvað er eftir.*
5. *Föstudaginn 15. maí 2026 = Skipuleggja sumarstarfið og klára allt endurmat annað óákveðið?*

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau. Helstu námskeið sem voru sótt í síðasta skólaári 2024 - 2025 voru m.a. fræðsla um UNICEF-verkefnið og barnasáttmálann, barnvæn sveitafélög, námskeið á vegum barna- og fjölskyldustofu um kynferðisofbeldi og kynferðislega hegðun barna og unglinga, farsæld barna og samþætting þjónustu, hvernig má styrkja jákvæða hegðun, leikurinn og hlutverk kennara í leik barna, Tras-námskeið, rafrænir ráðningasamningar, vinnustund fyrir stjórnendur, umhyggjusatöl, ýmis námskeið tengd sérkennslu, vorráðstefna R.G.R, málörvunarnámskeið og fleira.

11. Aðrar upplýsingar

Næsta skólaár lítur út fyrir að hjá okkur muni verða nítján börn fædd 2020, (eitt laust pláss), sextán fædd 2021, fjórtán fædd 2022, fimmtán fædd 2023 og fimmtán fædd 2024. Um það bil 35 % barna í Álfatúni eru tvítyngd eða með annað móðurmál en íslensku heima. Áætlað er að átta börn verði með viðbótarstuðning skólaárið 2025-2026. Nokkuð er um að börn séu í sex tíma vistun en því miður færri en síðasta skólaár.

12. Húsnæði og lóð

Undanfarið höfum við glímt við ólykt á neðstu hæð leikskólans. Við bíðum nú eftir frekari skoðun og úrbótum á því máli. Sumarið 2025 var farið í að skipta um þakkant að hluta, eitthvað á að skoða þakið líka í sumar, það er orðið mjög ryðgað. Skipt var um rúður og glugga þar sem móða hafði sest að. Eins og kemur fram í innganginum þá höfum við síðustu ár/mánuði verið að kjást við vonda lykt á neðstu hæð leikskólans. Í vor var veggur brotinn upp í kaffistofu leikskólans og rör frá klósettunum lagað, þrátt fyrir það hefur lyktin í húsinu ekki lagast. Óskað var eftir því að það verði myglumælt í kjallara hússins þar sem eldhús, yngsta deild leikskólans og starfsmannaaðstaða er í húsinu, það var gert og greindist þar raki en ekki mygla.

Það kom svo í ljós eftir sumarfrí að það þurfti að fylla í sprungur í gólfplötu á neðstu hæð og er allt annað loft í húsinu. Auk þess er áætlað að farið verði í frekari framkvæmdir þar sem húsið er komið vel til ára sinna og þarf á mikilli umhyggju að halda. Húsnæði leikskólans er farið að láta að sjá og þörf á umfangsmiklum endurbótum. Gólfefni eru orðin ónýt á mestum hluta miðhæðar og að hluta til á efstu hæð. Hluti af miðhæð er ennþá með upprunalegum panil sem þarf að fjarlægja eða pússa og mála. Starfsmannaklósett á efstu hæð eru með upprunalegum vöskum og blöndunartækjum sem þarf að skipta út. Starfsmannaklósett á miðhæð þarfnast smá upplyftingar. Einnig má nefna að rafmagnstengi eru upprunaleg ennþá að hluta og þarf að skipta út. Þetta eru aðeins dæmi um það sem þarf að laga en ýmislegt fleira er hægt að týna til sem þarf að fara að sinna á næstu árum.

Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026

Áfram verður óskað eftir að ítölskum rafmagnsklóm verði skipt út en þær eru aðallega á miðhæð eða á efstu hæð. Salerni á neðstu hæð fyrir börnin þarf að laga, það vantar klósett fyrir yngstu börnin þar. Salernið er núna á sama stað og salerni fyrir starfsfólk, heilbrigðiseftirlitið hefur einnig sett út á það. Panel á Hlíð og í vinnuherbergi sérkennslustjóra auk þess má endurnýja gardínukappa, og gera snyrtilegt. Ofn á Hlíð er dökkbrunn og væri gott að mála. Gólfefni eru orðin ónýt á miðhæð og hluta upp á efstu hæð hússins, dúkur er sprungin við vegg og á gólfi. Gæti verið varasamt ef leki kemur þá gæti flætt á milli hæða. Það væri líka gott að fá ramp við starfsmannainngang þar sem vörurnar koma inn oft mikill burður vegna þess að ramp vantar. Klósett á efstu hæð er upprunalegt og má alveg fara að huga að breytingu þar. Hljóðvist við skrifstofu er ábótavant og heyrir allt sem sagt er þar út í fataherbergi á efstu hæð, þar sem mikill umgangur er af foreldrum, börnum og starfsfólki. Fyrir stuttu var prófað að setja innfaldan þröskuld á hurðina en því miður er það ekki nægjanlegt.

13. Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón. Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti. Í öryggisnefnd eru Heiðbjört leikskólastjóri og Elena deildarstjóri, Elena er öryggistrúnaðarmaður en Heiða er öryggisvörður. Í áfallaráði leikskólans eru deildastjórar í leikskólanum ásamt sérkennslustjóra, aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra. Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik.

Skólaárið 2024-2025 var lítið um slys á börnum nema þá minniháttar skrámur og slíkt.

14. Lokaorð

Skólaárið hófst með áskorunum vegna manneklu, við fengum tvo starfsmenn til baka úr fæðingarorlofi en þeir komu ekki til starfa fyrr en um miðjan september og í byrjun október. Síðan urðu óvenju tíð veikindi í starfsmannahópnum eins og síðasta skólaár bæði til skemmri og lengri tíma. Sem hafði áhrif á daglegt starf leikskólans. Leikskólastjóri hefur þurft að sinna afleysingu bæði á deildum og í eldhúsi, sem gerði honum erfitt fyrir að sinna sínum verkefnum að fullu. Nýr aðstoðarleikskólastjóri kemur til starfa í desember 2025 eða janúar 2026.

Leikskólastjóri vill að lokum koma á framfæri áhyggjum af næsta vetri þar sem grunnstöðugildi á deildum er of lágt vegna óhagstæðra stærða á deildum sérstaklega á yngstu deildunum Björk, Lind og Hlíð. Þegar reiknað er meðaltal grunnstöðugilda á hverja deild þá er að meðaltali 2,2 – 2,5 starfsmenn á deild sem gengur aldrei upp við að halda uppi góðu starfi.

Eins og kemur fram hér að ofan er þörf á umfangsmiklum endurbótum á húsnaði leikskólans og gott væri að fá áætlun um hvernig á að koma því í lag.

15. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun						
Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur	Staða
Fræðsla fyrir starfsfólk um Barnasáttmálann.	Stefna sveitarfélags	Skipulagsdagar notaðir til samtals og samræðu	Engin lok	Leikskólastjóri og verkefnastjórar Barnasáttmálans.	Símat	Höfum notað skipulagsdagana, en vantar að skipuleggja betur hvaða samtal á að eiga hverju sinni.
Fræðsla fyrir nýtt starfsfólk um Barnasáttmálann	Stefna sveitarfélags.	Nýtt starfsfólk fái tækifæri til að kynna sér sáttmálann með myndböndum og fræðslu.	Engin lok	Leikskólastjóri og ?	Að allir hafi fengið tækifæri til að kynnast sáttmálanum.	Purfum að vera duglegri að muna eftir að upplýsa nýtt starfsfólk
Læsisstefna	Stefna sveitarfélags.	Stjórnendateymi fari saman yfir núverandi stefnu út frá viðmiðum fyrir leikskóla um gerð læsisstefnu.	Árslok 2025	Leikskólastjóri	Komin verði uppfærð læsisstefna í upphafi árs 2026	Eftir að endurskoða stefnuna.
Málstefna	Stefna sveitarfélags.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri útbúi drög til að leggja fyrir stjórnendateymi	Árslok 2025	Leikskólastjóri	Komin verði málstefna í upphafi árs 2026.	Á byrjunarstigi
Heimsmarkmið.	Stefna sveitarfélags.	Stjórnendateymi fari yfir stöðuna á Heimsmarkmiðum og ákveði framhaldsskref.	Árslok 2025	Leikskólastjóri	Endurskoðun lokið fyrir árslok 2025	Staðan var tekin síðast 2022.
Hæfniramar	Stefna Álfatúns	Stefnt er að því að nýta hæfniramma fyrir öll börn sem hafa fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í leikskólanum	Engin lok	Leikskólastjóri/sérkennslustjóri	Endurskoða í janúar 2026	Höfum notað hæfnirammanna en því miður ekki nógu markvisst

Átak í málörvun	Stefna Álfatúns	Skólaárið 2025-2026 verður sett af stað átak í málörvun í samstarfi við talmeinafræðinga sveitafélagsins	Haustið 2026	Leikskólastjóri/ Sérkennslustjóri / deildastjórar	Skólaárið 2025-2026	Búin að fá fræðslu fyrir allt starfsfólk er á byrjunarstigi

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun						
Þátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1-2 á mánuði	Unnið í vinnutíma	Deildastjórar / Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	vor 2026	30 mín pr. Starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbókina	1x mánuði í a.m.k. 3 mánuði	ca. 30 mín í hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og mentor
Allt starfsfólk	Samráð, fræðsla, endurmat	Yfirfara starfsáætlun, stefnur og öryggisþætti	1x á önn	2 tímar= 4 tímar eftir vinnu. Starfsmannafundir	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótunarvinna	1 x á önn	3 tímar x2 = 6 tímar	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Árleg yfirferð á áætlunum og stefnum skólans. Fræðsla um málörvun leikskólabarna og deildafundir, vetrarstarf skipulagt	26. sept.	8 tímar	Unnið á vinnutíma, starfsmaður velferðarsviðs	Leikskólastjóri

Allir starfsmenn	Aðalfundur foreldrafélagsins	Farið yfir reikninga og hvað var gert síðastliðinn vetur, kosið í nýja stjórn	3. okt.	1 tími	Unnið á hefðbundnum vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Námskeið um læsi – 2x fyrirlestrar Guðrún Alda Harðardóttir Ísat kennsla – umræða um heimsmarkmiðinn og farsæld barna og átak í málörvun. Starfsáætlun kynnt UNICEF-verkefnið	12. nóv.	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Fyrirlestur um læsi 2 x fyrirlestrar frá Guðrúnu Öldu Harðardóttur Unicef og málörvunar verkefni - farið yfir hvernig gengur Byrja á læsisstefnu og málstefnu	16. jan.	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Skólanámskrá og byrja á endurmati fyrir skólaárið Deildafundir	10. mars	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Deildastjórar	Deildastjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis	7-10 daga fresti	1,5 - 2 klst. hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Deildafundur sumarstarf skipulagt – klára allt mat sem er eftir annað óákveðið?	15. maí	8 tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri

Starfsfólk í stuðningi	Samráðsfundir með sérkennslustjóra	Umræður um starfið sem og fræðsla frá sérkennslustjóra tengd starfinu	1x í mánuði	60 min hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Sérkennslustjóri og Leikskólastjóri
------------------------	------------------------------------	---	-------------	---------------------	-------------------	-------------------------------------

Fylgiskjal 3 - Skóladagatal 2025-2026

Skóladagatal 2025 - 2026												Leikskólinn Álfatún
AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ		
1 F Sumarfr	1 M	1 M	1 L	1 MF Félisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 S	1 S	1 M Skírnisdagur	1 F Félisdagurinn	1 M		
2 L	2 Þ Önnur aðögun	2 F	2 S	2 Þ	2 S Skírnisdagur	2 M	2 M	2 F Skírdagur	2 L	2 Þ		
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F Föstudagurinn langi	3 S	3 M		
4 MF Ritstjóri verkunarmann	4 F Önnur aðögun	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F		
5 Þ Sumarfr	5 F Fagnaðarfundur	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S Þáskadagur	5 Þ	5 F Fagnaðarfundur		
6 M Sumarfr	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ Þrettándið	6 F Fagnaðarfundur	6 F Fagnaðarfundur	6 M Annar í Þéskum	6 M	6 L		
7 F Opnum kl.13.00	7 S Dagur leikis	7 Þ	7 S	7 S Dagur leikis	7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S Síðmannadagurinn		
8 F	8 M Dagur leikis	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F Fagnaðarfundur	8 M		
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F Fagnaðarfundur	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ		
10 S	10 M	10 F Fagnaðarfundur	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 S Skírnisdagur	10 F Fagnaðarfundur	10 S	10 M		
11 M Aðögun milli deilda	11 F	11 L	11 Þ	11 F Jónaball og Gímsatur	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M Almasi Kópavogs	11 F		
12 Þ Aðögun milli deilda	12 F Fagnaðarfundur	12 S	12 M	12 F Fagnaðarfundur	12 F	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F Fagnaðarfundur		
13 M Aðögun milli deilda	13 L	13 M	13 F Fjölmenningsvika	13 F Fagnaðarfundur	13 Þ	13 F Fagnaðarfundur	13 F Fagnaðarfundur	13 M	13 M	13 L		
14 F	14 S	14 Þ	14 F Fjölmenningsvika	14 F Dagur ísl. tungu	14 S	14 M	14 L	14 Þ	14 F	14 S		
15 F Fagnaðarfundur	15 M	15 M	15 F Fjölmenningsvika	15 L	15 M	15 F Fagnaðarfundur	15 S	15 S	15 M	15 F Skírnisdagur		
16 L	16 Þ	16 F	16 F Fjölmenningsvika	16 S	16 Þ	16 F Skírnisdagur	16 M Bolludagur	16 M	16 F	16 L		
17 S	17 M	17 F	17 F Fagnaðarfundur Lok	17 M	17 L	17 Þ	17 S	17 F Fagnaðarfundur	17 S	17 M		
18 M	18 F	18 L	18 M	18 Þ	18 S	18 M	18 M	18 Þ	18 S	18 F		
19 Þ Fyrsta aðögun	19 F	19 M	19 M	19 F Fagnaðarfundur	19 M	19 S	19 F Skírnisdagur	19 F	19 S	19 Þ		
20 M Fyrsta aðögun	20 L	20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F Skírnisdagur	20 F Fagnaðarfundur	20 M	20 M	20 L		
21 F Fyrsta aðögun	21 S	21 Þ	21 F Fagnaðarfundur	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S		
22 F Fagnaðarfundur	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F Fagnaðarfundur	22 M		
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ Þorlókssessa	23 F	23 M	23 M	23 F	23 S	23 Þ		
24 S	24 M	24 F Fagnaðarfundur	24 M	24 M	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F Fagnaðarfundur	24 S	24 M		
25 M	25 F	25 L	25 F Fyrsti vetrardagur	25 Þ	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F		
26 Þ	26 F	26 M	26 S	26 F Fagnaðarfundur	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ	26 F Fagnaðarfundur		
27 M	27 L	27 F	27 S	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 F Fagnaðarfundur	27 M	27 L		
28 F	28 S	28 Þ	28 F Skírnisdagur	28 M	28 S	28 M	28 L	28 Þ	28 F	28 S		
29 F Fagnaðarfundur	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F Skírnisdagur	29 F Fagnaðarfundur	29 S	29 M	29 F Fagnaðarfundur	29 M		
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 F	30 S	30 M	30 M	30 F	30 L	30 S		
31 S	31 F	31 M	31 F	31 M	31 L	31 Þ	31 F Skírnisdagur	31 S	31 M	31 L		
Skúladagur Samtöku vöður / Álfatún Dagur með þessum foreldra Annarir dagar og stöðvör Fagnaðarfundur ísl Foreldrasamtöl í febrúar og mars. Þar fyrir utan er hagið að ná í deldarsíða í síma í undirbúningstíma Í október er breitur dagur í tengslum við bla desember er foreldrafélagið með jólaball, í apríl bláur dag í samfélagi												

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Foreldrafélag Álfatúns vill lýsa yfir ánægju með starfsemi leikskólans og þá starfsáætlun sem lögð er fram fyrir skólaárið 2025-2026. Foreldrafélag staðfestir að hafa lesið yfir starfsáætlunina og gerir enga athugasemd við hana. Starfsáætlunin sýnir djúpa ígrundun, markvissa stefnuvinnu og stöðuga þróun.

Leikskólinn vinnur skipulega með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og leggur áherslu á að börnin fái rödd og áhrif innan síns daglega umhverfis. Foreldraráð telur mikilvægt að börnin upplifi að skoðanir þeirra skipti máli og séu teknar alvarlega, en jafnframt að leikskólinn setji skýr mörk og styðji börnin í að læra ábyrgð, samvinnu og virðingu fyrir öðrum.

Leikskólinn nýtir Fossvogsdalinn markvisst í daglegu starfi. Svæðið býður upp á fjölbreytta möguleika til leiks og náms og hefur það skipt máli, sérstaklega í ljósi þess að lóð leikskólans er ekki nægilega stór til að öll börnin geti verið úti á sama tíma. Með því að nota Fossvogsdalinn á þennan hátt nær leikskólinn að tryggja börnunum góða útivist og fjölbreytt tækifæri til hreyfingar og samveru.

Leikskólinn er duglegur að bregðast við mönnunarvanda. Það hefur sjaldan komið fyrir að börn þurfi að vera heima vegna manneklu, sem er mikilvægur þáttur í öryggi og rútínu barnanna – og jafnframt léttir fyrir foreldra.

Foreldrafélagið vill koma á framfæri uppbyggilegri ábendingu varðandi aðlögun barna að hausti. Mikilvægt er að sama starfsfólk sinni aðlögun – sérstaklega hjá yngstu börnunum. Ný andlit á hverjum degi geta reynst þeim erfið og því væri æskilegt að tryggja að þeir starfsmenn sem taka þátt í aðlögun fari ekki í frí á þeim tíma. Þannig skapast betri aðstæður fyrir börnin til að mynda traust tengsl, sem er grundvöllur öruggra fyrstu skrefa í leikskólastarfi.

Mikilvægt er að ráðist verði í nauðsynlegar lagfæringar á húsnæði leikskólans til að tryggja öryggi, aðgengi og velferð barna og starfsfólks. Þessar lagfæringar eru ekki aðeins til bóta heldur nauðsynlegar með tilliti til öryggis, hreinlætis og faglegra starfsskilyrða. Ástandið hefur þegar leitt til athugasemda frá eftirlitsaðilum og gæti haft áhrif á starfsemi leikskólans til framtíðar ef ekki verður brugðist við tímanlega.

Á yngstu deildunum er umönnunarþörf barnanna mjög mikil. Starfsfólk þarf reglulega að fara frá hópnum vegna bleiuskipta, hvíldar, matar eða annars sem krefst einstaklingsathygli. Ef grunnstöðugildi deilda er 2.2-2.5 þegar slíkt gerist yrði aðeins 1 starfsmaður eftir með allt að 13 börn. Það er bæði ófaglegt og hættulegt – hvorki hægt að tryggja öryggi né veita þá athygli og umönnun sem börnin þarfnast. Við viljum leggja áherslu á að til að hægt sé að veita börnunum það umhverfi sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum og reglugerðum, þarf að endurskoða grunnstöðugildi og tryggja að lágmarksfjöldi starfsmanna á hverri deild sé í samræmi við raunverulegar þarfir.

Leikskólinn Álfatún er að okkar mati til fyrirmyndar í öllu sínu starfi – hvort sem litið er til faglegra vinnubragða, viðmóts starfsfólks eða jákvæðrar upplifunar barna og foreldra. Við í foreldraráði styðjum starfsáætlun leikskólans og hlökkum til að fylgjast með framgangi skólans á komandi skólaári.

F.h. foreldraráðs, 21.október 2025

Erla Steina Sverrisdóttir

Hildur Soffía Ýr Shahsafdari Gunnarsdóttir

Sandra Ýr Andrésdóttir